

- f. Bankinn má ekki lána fje gegn tryggingu í hlutabryfum sjálfs sín. **52**
 g. Bankinn skal taka til starfa fyrir árslok 1927. 15. júní
 h. Ráðuneytið getur sett bankanum frekari skilyrði í leyfisbrjefinu, ef þörf þykir, enda fari þau ekki í bága við lög þessi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.

LÖG

um

breytingar á og viðauka við lög nr. 7, 4. maí 1922 [Seðlaútgáfa].

53
15. júní

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fyrir „1923“ í 1. gr. laganna kemur: 1927.

2. gr.

Gjald það, er Landsbankanum ber að greiða ríkissjóði samkvæmt 1. gr. laganna, skal frá ársbyrjun 1926 að telja lagt á sjerstakan reikning í Landsbankanum, og má verja því eftir ákvörðun ráðherra til þess að bæta Landsbankanum halla, er hann kann að verða fyrir frá sama tíma af gengisbreytingum íslenskrar krónu.

53

15. júní

3. gr.

Ákvæði 2. gr. laga nr. 6, 31. maí 1921, um seðlaútgáfu Íslandsbanka, hlutafjárauka o. fl., skulu breytast þannig, að því er snertir inndrátt seðla Íslandsbanka, að á árinu 1926 skal honum eigi vera skylt að draga neina seðla úr umferð.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 15. júní 1926.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Þorláksson.